

16. september 2020

Fundur með Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar
Ólafsvogi 4, Ólafsfirði

Ágæta nefnd,

ég vil byrja á því að þakka ykkur fyrir að gefa okkur tækifæri á að koma hér í dag og gera grein fyrir okkar sjónarmiðum.

Á fundi sem haldinn var þann 8. júní. Síðastliðinn í húsnæði Bás á Egilstanga var forsvarsmönnum tilkynnt af bæjarstjóra að ósk Fjallabyggðar væri sú að starfsemi Bás ehf yrði komið fyrir innan þeirra lóðarmarka sem tilgreind eru í núverandi lóðarleigusamningi.

Ósk þessi hefur þó verið lögð fram af Fjallabyggð áður og á málið sér langan aðdraganda sem ég ætla að reyna að fjalla hér um í eins stuttu máli og mögulegt er.

- [21. október 2015](#) var auglýst tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 annars vegar og hins vegar tillögu að deiliskipulagi Leirutanga á Siglufirði.
 - Ég vek sérstaka áherslu á að í báðum tillögum og fylgiskjölum var gert ráð fyrir því að starfsemi Bás kæmi til með, eða myndi verða flutt af svæðinu
 - Ekki veit ég fyrir víst á hverju þær ályktanir voru byggðar, en mér þykir líklegt að hið meinta samkomulag milli Rauðku og Bás um flutning hins síðarnefnda af svæðinu, gegni þar stóru hlutverki.
 - Svo því sé haldið til haga að þrátt fyrir að viðræður hefðu vissulega átt sér stað, að þá var slíku samkomulagi aldrei náð, og hefur það verið staðfest af bæði Héraðsdómi Norðurlands Eystra sem og Hæstarétti.
- Þann 15. nóvember 2015 sendi Sveinn Zophoníasson, sem er með okkur hér í dag, skriflega athugasemd til Fjallabyggðar við breytingartillögurnar þar sem eftirfarandi kom fram:
 - Athafnasvæði Bás hafði stækkað nokkuð frá gerð lóðarleigusamnings vegna aukinna umsvifa sem oftast en ekki voru verkefni á vegum eða í samstarfi við sveitarfélagið
 - Fyrirtækið kostaði sjálft alla þá stækkun sem hafði orðið á athafnasvæðinu, ýmist með uppfyllingum eða jarðvegsskiptum, og var það **ávallt** gert í samráði við bæjaryfirvöld.
 - Ekkert samkomulag hafði verið gert um flutning fyrirtækisins af svæðinu.
 - Veruleg minnkun á athafnasvæði fyrirtækisins myndi skerða starfsgetu þess töluvert
 - Skilgreining svæðisins í skipulagstillögunni hlyti að leiða til þess að steypustöð fyrirtækisins ásamt öllu tilheyrandi þyrfti að víkja, og því væri tillögunni hafnað að hálfu Bás
- [Á fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar þann 8. febrúar 2016](#) var fjallað um ofangreind erindi og lagt var fram lögfræðialit Hjörleifs B. Kvaran hjá Nordik lögfræðipjónustu. Í álitinu kom eftirfarandi orðrétt fram:
 - Það sem mér sýnist skynsamlegast að gera er að afmarka lóð BÁSS ehf. samkvæmt lóðarsamningnum á skipulagsuppdrættinum og **fresta** skipulagi þess afmarkaða hluta svæðisins. **Eða** að koma til móts við athugasemdirnar með því að gera ráð fyrir athafnasvæði innan lóðar BÁSS ehf. Fyrirtækinu verði gert að koma starfsemi sinni fyrir innan lóðarinnar eins og hún er skilgreind í lóðarsamningi. Þegar samningar hafa tekist við BÁS ehf. eða við lok leigusamningsins má samþykkja endanlega deiliskipulag alls svæðisins.

Niðurstaða fundarins var á þessa vegu:

- a. Nefndin lagði til að auglýst breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 yrði samþykkt af bæjarstjórn og afgreidd í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- b. Nefndin lagði til eftirfarandi breytingar á deiliskipulagstillögunni:
 - Á athafnalóð við Egilstanga 1 yrði notkun byggingar ekki tilgreind.
 - Almenn bílastæði og jarðmön yrðu færð út fyrir lóðarmörk.
 - Mótun viku yrði lagfærð með aukinni fjarlægð frá lóð Egilstanga 5.
 - Annað í áður auglýstu deiliskipulagi yrði óbreytt.
 - Vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar

Nú er ég ekki lögfræðingur né skipulagsfræðingur, en ég túlka þetta þannig að þessar aðgerðir af hálfu Skipulags- og umhverfisnefndar og síðar Bæjarstjórnar fari gegn lögfræðiálitinu af eftirfarandi ástæðum:

- Ekki tókust samningar við Bás ehf., né var það reynt.
- Lóðarleigusamningurinn var ekki liðinn undir lok.

Ég ítreka síðustu setningu álitins: **Þegar** samningar hafa tekist við Bás ehf. **eða við lok leigusamningsins** MÁ samþykkja endanlega deiliskipulag alls svæðisins.

En nóg um það.

Þann [16. mars 2016](#) var lagt fram á fundi Skipulags- og umhverfisnefndar erindi Bás þar sem óskað er eftir stækkun á lóð fyrirtækisins á Egilstanga 1-3 samkvæmt uppdrætti og að deiliskipulag á Leirutanga yrði endurskoðað út frá því. Nefndin vísaði erindinu til bæjarráðs sem þann [14. júní 2016](#) hafnaði erindinu en samþykkti að veita fyrirtækinu heimild til 1. júní 2017 fyrir afnot af viðbótarsvæði við þáverandi lóð Bás sem fyrirtækið hafði verið að nýta.

[20. apríl 2018](#) var dómur Héraðsdóms Norðurlands Eystra í máli Rauðku ehf. gegn Bás ehf. staðfestur af Hæstarétti Íslands.

[22. maí 2018](#) sótti Bás aftur um stækkun á athafnasvæði sínu á Egilstanga.

Bæjarráð óskaði eftir umsögn lögfræðings sveitarfélagsins vegna málsins og þar við situr. Svo virðist sem að Bæjarráð hafi ekki klárað erindið. Þar með mætti líta svo á að erindi Bás um stækkun á athafnasvæði sínu á Egilstanga sé enn opin.

Því þykir okkur við hæfi að taka erindið aftur upp hér í dag og fara fram á stækkun athafnasvæðinu og endurskoðun á gildandi deiliskipulagi Leirutanga. Til að reyna að leggja okkar af mörkum við úrvinnslu þessa máls og með von um auknar líkur á árangri höfum við látið teikna upp fyrir okkur tillögu að breytingu á frágangi lóðarinnar sem við vonumst til að geti komið til móts við þarfir allra hlutaðeigandi aðila.

- Tillagan felur í sér hljóðmanir sem munu loka svæðinu af til norðurs og vesturs, og draga þar með úr sjónrænum sem og hljóðrænum áhrifum sem starfsemin gæti mögulega valdið.
- Enn fremur eru forsvarsmenn tilbúnir að skoða möguleika á að lækka sementstanka við steypustöðina.
- Sé það mat skipulags- og umhverfisnefndar að ósk okkar um stækkun lóðar sé ekki til umræðu, þá leggjum við fram til vara tillögu þess eðlis að skipulags- og umhverfisnefnd skipi starfshóp með það að markmiði að koma með tillögur eða hugmyndir að lausn sem að gæti mögulega hentað öllum aðilum sem eiga hluti í máli.

Er það einlæg von mín að Skipulags- og umhverfisráð kunni að meta þessar aðgerðir okkar og tillögur til að reyna að greiða fyrir máli þessu. Við gerum okkur grein fyrir því að um flókið mál er að ræða og mismunandi þarfir og skoðanir hagsmunaaðila.

Ég vona einnig að bæjaryfirvöld í Fjallabyggð kunni að meta við okkur að þrátt fyrir að erindi okkar hafi ekki verið klárað og framtíð fyrirtækisins þar með í óvissu öll þessi ár, að þá höfum við aldrei beitt neins konar þrýstingi á bæjaryfirvöld að klára málið, né farið í fjölmiðla til að vekja athygli á okkar málefnum.

Við höfum að okkar mati sýnt samstarfsvilja eftir bestu getu.

Mig langar að loka þessu erindi mínu á því að tjá mig um orð sem Róbert Guðfinnsson ritaði í bréfi sínu til Bæjarstjórnar Fjallabyggðar dagsett þann 26. maí 2020 síðastliðinn:

Þar segir: „**Það er öllum ljóst að Bás hefur barist hart gegn því að mikilvægir þættir samkomulagsins nái fram að ganga, m.a. í framangreindu dómsmáli.**”

Um þetta hef ég eftirfarandi að segja:

Það er með öllu rangt að Bás ehf. hafi barist sérstaklega gegn hinu fimm þátta samkomulagi sem Rauðka ehf. og Fjallabyggð gerðu sín á milli þann 28. apríl 2012. Fyrirtækið hefur einungis verið að reyna að sjá til þess að geta haldið áfram starfsemi.

Bás ehf. fagnar öllum framkvæmdum sem snúa að jákvæðri þróun sveitarfélagsins, svo lengi sem að slíkar framkvæmdir séu raunhæfar og sanngjarnar gagnvart þeim sem að búa hér og starfa.

Ég vona að fundur þessi leggi sterkan grunn að áframhaldandi samstarfi Fjallabyggðar og Bás ehf. sem hefur verið með góðu móti að mestu frá stofnun sveitarfélagsins og ég þakka ykkur fyrir áheyrnina.

Halldór Logi Hilmarsson